



## Falsfréttir og miðlalæsi

Mikilvægur partur af lýðræði er að fólk geti nálgast upplýsingar og myndað sér skoðanir um ólík mál. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi, ekki síst í gegnum netið þar sem ógrynni af upplýsingum er aðgengilegar. Aftur á móti eru ekki allar fréttaveitur áreiðanlegar og sumar eru beinlínis til þess gerðar að blekkja fólk.

Þegar uppspuna er deilt undir þeim formerkjum að um raunverulegar staðreyndir sé að ræða og með það að markmiði að hafa áhrif á skoðanir fólks er talað um falsfréttir. Falsfréttir eru búnar til án þess að baki þeim liggi staðreyndir eða áreiðanlegar heimildir. Stundum felst í falsfréttum áróður til þess gerður að véfengja ákveðinn málstað.

Meðhöndlun eða fölsun fréttanna hefur tíðkast frá því að menn fóru að skiptast á upplýsingum. Í Róm til forna setti Octavian af stað herferð til að draga úr trúverðugleika pólitísku andstæðings síns Mark Antony, m.a. með stuttum slagorðum á smápeningum. Líklega höfðu þessar aðgerðir einhver áhrif, Octavian vann í það minnsta pólitískan sigur og varð fyrsti Rómverski keisarinn. Á 21. öldinni hefur dreifing falsfrétta þó tekið stakkaskiptum. Nútíma tækni gerir dreifingu efnis einfalda, hraða og áhrifaríka. Samfélagsmiðlar og internetið hafa gert það að verkum að auðvelt er að deila upplýsingum með fjölda fólks á mettíma, en jafnframt verður erfiðara að greina uppruna og réttmæti upplýsinga.

Í opnu lýðræðissamfélagi mótar almenningur sér skoðun með því að taka þátt í upplýstri og opinni umræðu. Áróður, rangar eða villandi upplýsingar og falsfréttir geta ýtt undir öfgahyggju, verið grundvöllur hatursorðræðu og grafið undan lýðræðinu. Samkvæmt niðurstöðum könnunar á vegum Fjölmiðlanefndar frá árinu 2021 eru sjónvarp, útvarp og dagblöð mikilvægustu fréttamiðlarnir að mati einstaklinga 40 ára og eldri. Yngri kynslóðirnar reiða sig þó meira á netið en í hópi 18 til 39 ára notenda eru ókeypiss fréttamiðlar á netinu helsti vettvangurinn til að lesa fréttir. Einstaklingar 15 til 17 ára nota helst samfélagsmiðla. Af framangreindu má draga þá ályktun að yngri notendur séu líklegri til að verða varir við falsfréttir.





síðast uppfært dags. 10.7.2024

Falsfréttir og villandi auglýsingar á samfélagsmiðlum eru oft sniðnar að gildum og lífsviðhorfum þeirra sem þær lesa. Þegar fólk byggir afstöðu sína að miklu leyti á upplýsingum sem beint er að þeim er hætta á að skoðanir þess byggist á rangfærslum frekar en staðreyndum.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Fjölmiðlanefnd birti í júlí 2021 sögðust 81,7% þátttakenda hafa rekist á upplýsingar á netinu á síðustu 12 mánuðum sem þeir efuðust um að væru sannar. Níu af hverjum tíu þátttakenda á aldrinum 18 til 29 ára og 30 til 39 sem rákust á falsfréttir gerðu það á Facebook. Yngsti aldurshópurinn, 15 til 17 ára, var líklegastur til að rekast á falsfréttir á öðrum samfélagsmiðlum eins og Twitter, Snapchat, TikTok, Instagram eða WhatsApp. Flestir sem töldu sig hafa rekist á falsfréttir í ritstýrðum dagblöðum voru 60 ára og eldri (33,5%).

## Miðlalæsi

Miðlalæsi er að geta dregið skynsamar ályktanir út frá þeim upplýsingum sem við lesum eða heyrum. Hugtakið hefur verið skilgreint sem getan til að nota, greina og meta upplýsingar og eiga samskipti í gegnum ólíka miðla. Í nútíma samfélagi er Miðlalæsi mikilvægur hæfileiki sem allir ættu að tileinka sér. Það er mikilvægt að fræða almenning um ólíka miðla og hvernig best sé að nota þá. Á sama tíma er erfitt að þjálf einstaklinga í meta upplýsingar á rökréttan hátt þar sem fólk er eðlislægt finna fyrir tilfinningalegum viðbrögðum við fréttum sem það les.

## Dæmi um falsfréttir

Þegar Covid-19 heimsfaraldurinn hófst fór mikið magn af falsfréttum í dreifingu. Dæmi um falsfrétt sem vakti mikla athygli var myndband sem birtist á Youtube og var síðan deilt á Twitter. Þar var karlmaður að lýsa því að á spænskum spítölum væri fólk yfir 65 ára tekið úr öndunarvélum svo að hægt væri að koma yngra fólki í þær. Seinna kom í ljós að maðurinn var ekki læknir líkt og fram kom á Twitter og



síðast uppfært dags. 10.7.2024

að frásögnin átti ekki við rök að styðjast. Annað dæmi sem margir urðu varir við voru kenningar um að heimsfaraldurinn bærist milli manna með 5-G farsímatengingu.

Falsfréttirnar sem urðu til meðan að heimsfaraldurinn var allsráðandi voru margs konar en þær má gróflega flokka í þrennt:

Í fyrsta lagi falsfréttir um að ákveðnar vörur gætu komið í veg fyrir að fólk smitaðist af faraldrinum eða gætu læknað fólk. Dæmi um þetta voru fréttir þess efnis að hreint alkóhól hefði jákvæð áhrif ef það væri drukkið. Í öðru lagi voru falsfréttir sem að áttu að skapa tortryggni meðal fólks gagnvart stjórnvöldum og heilbrigðisyfirvöldum, t.d. að aðgerðir þeirra væru ekki að skila árangri. Í þriðja lagi urðu til samsæriskenningar um athafnir yfirvalda.

#### Að greina falsfréttir

Falsfréttir hafa oft grípandi og sláandi fyrirsagnir sem settar eru fram með hástöfum og upphrópunarmerkjum. Oft er efni þeirra ætlað að vekja sterkar tilfinningar hjá lesandanum þar sem slíkar fréttir fá meiri athygli og geta ferðast hraðar um netið.

Ein leið til að greina hvort að um falsfréttir sé að ræða er að skoða vefslóðina. Falsfréttaveitur hafa oft vefslóð sem líkist vefslóðum þekkra fréttamiðla en er ekki nákvæmlega eins. Eins er hægt að athuga hvort að frétt hefur birst á öðrum fréttamiðlum þar sem áreiðanlegar fréttir birtast sjaldnast hjá aðeins einum miðli. Með því að slá fyrirsögninni eða öðrum upplýsingum úr fréttinni inn í leitarvél á borð við Google er hægt að komast að því hvort að fleiri hafi fjallað um fréttina og einhverjir miðlar sem við höfum reynsla af að séu áreiðanlegir. Myndir sem birtast með fréttinni geta einnig varpað lósi á að ekki sé um raunverulega frétt að ræða. Þeir sem skrifa falsfréttir nálgast oft myndir á netinu, t.d. úr öðrum fréttum. Myndaleit á leitarvélum eins og Google getur birt lista yfir ólíka miðla þar sem myndin hefur verið notuð.



Reykjavík



## Skaðleg umræða á netinu

Samkvæmt niðurstöðum úr könnun Fjölmiðlanefndar frá júlí 2022 á því hvernig börn og ungmenni nota fjölmiðla og samfélagsmiðla hafði tæplega þriðjungur nemenda á unglinga- og framhaldsskólastigi rekist á umræðuþræði um ógnvekjandi eða ofbeldisfullar myndir þar sem verið var að meiða manneskjur eða dýr á netinu. Einn af hverjum fimm hafði séð hatursfull skilaboð sem beindust að einstaklingum eða hópum eða áætlanir um slagsmál.

### Heimildir:

Miðlalæsi á Íslandi. Hluti 1: Miðla og fréttanotkun. Fjölmiðlanefnd. 2021. <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2021/06/Hluti-1-Midla-og-frettanotkun.pdf>

Miðlalæsi á Íslandi. Hluti 2: Falsfréttir og upplýsingaóreiða. Fjölmiðlanefnd. 2021. <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2021/06/Hluti-2-Falsfrettir-og-upplysingaoreida.pdf>

Börn og netmiðlar. 6. HLUTI - FRÉTTIR & FALSFRÉTTIR. 2022. Fjölmiðlanefnd. Ingibjörg Kjartansdóttir, Skúli B. Geirdal. <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2022/07/Hluti-6-Fre%CC%81ttir-og-Falsfre%CC%81ttir-1.pdf>

Council of Europe. „Dealing with propaganda, misinformation and fake news“. <https://www.coe.int/en/web/campaign-free-to-speak-safe-to-learn/dealing-with-propaganda-misinformation-and-fake-news>

Fjölmiðlanefnd. Miðlalæsi. <https://fjolmidlanefnd.is/midlalaesi/>

Falsfréttir um Covid-19 dreifast jafnhrott og veiran. Rúv.is. <https://www.ruv.is/oflokka-eldra-efni/2020-04-09-falsfrettir-um-covid-19-dreifast-jafnhrott-og-veiran>

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization. Journalism, „fake news“ and disinformation: Handbook for Journalism Education and Training. 2018.





síðast uppfært dags. 10.7.2024

[https://en.unesco.org/sites/default/files/journalism\\_fake\\_news\\_disinformation\\_pr\\_int\\_friendly\\_0.pdf](https://en.unesco.org/sites/default/files/journalism_fake_news_disinformation_pr_int_friendly_0.pdf)

Lýðræðisvitinn, 2021. Sara Þöll Finnbogadóttir, Eva Laufey Eggertsdóttir og Eva H. Önnudóttir. Irisvitinn.pdf (egkys.is)



**Reykjavík**